

Mál nr. 7/2012
Haukar
gegn
Stjörnunni

Kæra frá Haukum

Dómkröfur

Haukum verði dæmdur 3-0 sigur.

Málavextir

Stjarnan notar 3 leikmenn sem voru í byrjunarliði í síðasta leik hjá A-liðum í þessum leik sem er b-liða leikur.

Tilvísun

Reglugerð númer 35.1.7. hljómar á eftirfarandi hátt: Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti.

Röksemdir

Við förum fram á að Haukum verði dæmdur sigur í leiknum á þeim forsendum að Stjarnan notaði 3 ólöglega leikmenn samkvæmt reglugerð 35.1.7.

Eftirtaldir leikmenn spiluðu með báðum liðum: Alma Diljá Almarsdóttir, Heiðrún Dóra Friðriksdóttir og Klara Hjartardóttir.

Sönnunargögn

Hérna með fylgja ljósrit af leikskýrslum. Það er leik A-liða há Stjörnunni sem fram fór þriðjudaginn 28. ágúst gegn ÍA. Einnig er skýrsla úr leik Hauka og Stjörnunnar í b-liðum sem fram fór miðvikudaginn 29. ágúst.

Virðingarfyllst

f.h. Hauka

Kristján Arnar Ingason

Greinargerð frá Stjörnuni

Engin greinargerð barst frá Stjörnunni

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2012, mánudaginn 24. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 7/2012:
Knattspyrnufélagið Haukar, kt. 600169-0419
gegn
Ungmennafélagi Stjörnunnar, kt. 611175-0199

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:
Knattspyrnufélagið Haukar,
kt. 600169-0419
Ásvellir, Hafnarfirði
Fyrirsvarsmaður: Jón Björn Skúlason

Kærði:
Ungmennafélagið Stjarnan,
kt. 611175-0199
Stjörnuheimilið við Ásgarð
Fyrirsvarsmaður: Almar Guðmundsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 3. september sl. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með bréfi dags. sama dag. Ekki barst greinargerð frá kærða.

Kröfur:

Kröfur kæranda eru að Haukum verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna er fram fór þann 29. ágúst 2012 í Íslandsmóti kvenna, 4. flokki, b-liða.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að Stjarnan í 4. flokki kvenna B-liði hafi notað ólöglega leikmenn í leik liðanna í Íslandsmóti. Nánar tiltekið hafi þrír nafngreindir leikmenn leikið með b-liði Stjörnunnar gegn kæranda þann 29. ágúst sl. en hafi jafnframt verið í byrjunarliði hjá a-liði Stjörnunnar í leik gegn a-liði kæranda sem fram fór deginum áður.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til gr. 35.1.7 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er fjallar um 4. flokk kvenna.

III.

Niðurstaða:

Í máli þessu hefur Knattspyrnufélagið Haukar kært Ungmennafélag Stjörnunnar fyrir að nota ólöglega leikmenn í Íslandsmótinu í 4. flokki kvenna. Felst í því að kærandi telur Ungmennafélag Stjörnunnar hafa verið með ólöglega skipað lið í tilteknum leik, sbr. gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Ljóst er af fyrirliggjandi gögnum að þrír tilgreindir leikmenn kærða spiluðu leik með b-liði Stjörnunnar á Íslandsmóti kvenna í 4. flokki þann 29. ágúst 2012 þrátt fyrir að hafa hafið leik með a-liði Stjörnunnar í leik gegn a-lið kæranda í 4. flokki kvenna deginum áður. Er það skýrt brot á grein 35.1.7 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og telst lið Stjörnunnar í umræddum leik því hafa verið ólöglega skipað, sbr. gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Ber skv. þessu að taka kröfur kæranda til greina og skulu úrslit í leik Hauka gegn Stjörninni í Íslandsmóti kvenna, 4. flokki, b-liða, sem fram fór þann 29. ágúst 2012 breytt og hann dæmdur tapður fyrir Stjörninni með markatölunni 0-3.

Skylt er samkvæmt gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

IV.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Hauka gegn Stjörninni í 4. flokki kvenna, Íslandsmóti, b-liða, sem fram fór fram á Stjörnuvellinum þann 29. ágúst 2012 er breytt og skal leikurinn dæmdur tapður fyrir Stjörninni með markatölunni 0-3.

Kærða, Ungmennafélagi Stjörnunnar, ber að greiða kr. 5.000 í sekt til KSÍ.

Pröstur Ríkharðsson

Gunnar Guðmundsson

Helgi R. Magnússon